

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, iðnaðarsvæði á Stórubryggju, Eyrarsveit.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 1984-2004, frá 22. febrúar 1985.

Breytingin varðar afmörkun 700 fermetra iðnaðarsvæðis á austurhluta Stórubryggju. Landnotkun breytist frá óbyggðu opnu svæði í iðnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Eyrarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 386

23. maí 2000

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, Vallarhverfi, 2. áfangi, Grindavíkurbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, frá 15. nóvember 1984, sbr. viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1999-2010, frá 25. nóvember 1991.

Breytingin varðar íbúðar- og útivistarsvæði norðan Kúadals, jafnframt er breytt gatna-kerfi við Grindavíkurveg og Nesveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 387

29. maí 2000

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 233, 30. mars 1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávaraflla og fiskafurða.

1. gr.

2. töluliður 4. gr. orðast svo: Slægja skal eins fljótt og auðið er eftir að fiskurinn er kominn um borð. Sé heimilt að landa óslægðum fiski skal hann slægður eigi síðar en 12 klst. eftir löndun.